

ANTIFOULING SEAFORCE 30

Seaforce 30 er sjálfslípanði, gróðurhindrandi botnmálning með hátt þurrefni og án allra tinsambanda. Seaforce 30 fellur að öllu leyti undir reglugerðir IMO.

Litir: Dökkrauður og ljósrauður
Þurrefni (% af rúmmáli): 58 ± 2
Blossamark: 30°C

Áhöld: Háþrýstisprauta. Pensill eða rúlla fyrir minni verk, en þá þarf að gæta vel að því að fyrirskrifuð filmuþykkt náist.

Þynnir/Hreinsun áhalda:

Fjölþynnir, (Jotun þynnir Nr. 7)

Háþrýstisprauta, leiðbeiningar :

Þrýstingur við spíss 15 MPa (150 Bar, 2100 psi.)

Spíss: 0,021" -- 0,031" (0,53 -- 0,78 mm)

Sprautugeisli: 65 -- 80°

Sigti: Athugið að sigti séu hrein.



Aðstæður við málun:

Flöturinn sem mála á, skal vera minnst 3°C yfir daggarmörkum loftsins. Hita- og rakastig skal mæla í nálægð við þann flöt, sem mála skal.

Þurrktími:

Þurrktími er almennt háður hreyfingu loftsins, hitastigi, filmuþykkt og fjölda málningarumferða. Tölurnar í töflunni miðast við:

- Góða loftræstingu (utanhúss eða eðlilega lofthreyfingu).
- Ráðlagða filmuþykkt.
- Eina umferð á óvirkt undirlag.

	5 °C 1	0 °C	23 °C
Hitastig undirlags	5 °C 1	0 °C	23 °C
Snertiþurr	60 mín	60 mín.	30 mín.
Gegnumþurr	8,0 klst.	6,0 klst.	4,0 klst
Þurkt. fyrir sjósetn.	12-24 klst.	12-24 klst.	10-20 klst.
Yfirmálunartími *			
Lágmark	12 klst	9 klst	7 klst
Hámark**	-----	-----	-----

* Í töflunni eru gefin bil sem eiga að endurspegla aðstæður við slíptöku og botnmálun, þar er þurrktíminn er háður heildarfilmuþykktinni á bornmálningu og grunni. Þurrktíminn lengist hlutfallslega með aukinni filmuþykkt.

** Fyrir málun skal flöturinn vera hreinn og þurr.

Líta verður á tölurnar í töflunni hér að ofan sem leiðbeinandi. Raunverulegur yfirmálunartími getur verið lengri eða skemmri, háður málningunni sem fyrir er, filmuþykkt, málningarkerfinu sem var valið, fjölda umferða, loftræstingu, hitastigi, kröfum um meðhöndlun hlutanna, styrk filmunnar á fyrstu stigum o.fl.



Seaforce 30 hentar vel á flestar gerðir stálskipa og gefur kost á tilvarnar gróðurmyndun málningarkerfi sem endist í um 36 mánuði.

Efnisnotkun:

Ráðlögð efnisnotkun:

Filmuþykkt í umf. - míkron
 Þurr Blaut
 75 - 150 130 - 260

Reiknuð þekja - m²/l

7,7 - 3,8

Málun:

Undirbúningur flatar:

Málað skal á hreinan og þurran grunn, eða gamla sjálfslípanði botnmálningu. Öll óhreinindi á yfirborði skal háþrýstiþvo burt með vatni.